

# Lög

**um breyting á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi,  
nr. 16 14. apríl 2000, með síðari breytingum.**

---

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Í upplýsingakerfið má skrá eftirfarandi upplýsingar um einstaklinga:

- a. kenninafn, eiginnöfn með vísun til hugsanlegrar sérskráningar falskra nafna,
- b. sérstök varanleg líkamleg einkenni,
- c. fæðingarstað, fæðingardag og -ár,
- d. kynferði,
- e. ríkisfang,
- f. hvort viðkomandi er vopnaður, ofbeldishneigður eða á flóttu,
- g. ástæðu fyrir skráningu,
- h. aðgerðir sem farið er fram á,
- i. tegund brots þegar upplýsingar eru skráðar skv. a-lið 1. mgr. 6. gr.

Í upplýsingakerfið má skrá upplýsingar um eftirtalda hluti:

- a. vélknún ökutæki með slagrými yfir 50 rúmsentimetrum, skip, báta og loftför sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
- b. eftirvagna með eigin þunga yfir 750 kg, hjólhýsi, atvinnutæki, utanborðsvélar og gáma sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
- c. skotvopn sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
- d. óútfyllt skilríki sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
- e. útgefin persónuskilríki, svo sem vegabréf, nafnskírteini, ökuskírteini, dvalarleyfi og ferðaskilríki, sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega, hafa horfið eða verið ógilt,
- f. skráningarskírteini og skráningarmerki ökutækja sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega, hafa horfið eða verið ógilt,
- g. peningaseðla með skráðum númerum,
- h. verðbréf og aðrar tegundir greiðslu, svo sem ávísanir, greiðslukort, skuldabréf eða hlutabréf, sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið.

## 2. gr.

1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Heimilt er að skrá upplýsingar um einstaklinga, ökutæki, báta, skip, loftförl og gáma í upplýsingakerfið til að fram fari eftirlit með leynd, leit, líkamsleit eða líkamsrannsókn í eftirfarandi tilvikum.

## 3. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein, 9. gr. a, er orðast svo:

Ríkislöggreglustjóra er heimilt að veita þar til bærum yfirvöldum í öðru Schengen-ríki nauðsynlegar viðbótarupplýsingar í tengslum við skráningu í upplýsingakerfið, sem og þegar hlutir eða einstaklingar, sem skráðir hafa verið í kerfið, finnast. Ekki má nota slíkar upplýsingar á annan veg en leiðir af tilgangi skráningar eða beiðni.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- Fyrir framan orðið „lögreglan“ í a-lið 1. mgr. kemur: ríkissaksóknari og.
- Á eftir orðinu „grundvelli“ í b-lið 1. mgr. kemur: d- og e-liðar 2. mgr. 5. gr. og.
- Á eftir b-lið 1. mgr. kemur nýr stafliður er orðast svo: Umferðarstofa við skráningu ökutækja í þeim tilgangi að kanna hvort ökutæki sem óskað er skráningar á hafi verið stolið, selt ólöglega eða horfið; aðganguinn takmarkast þó við upplýsingar um ökutæki á grundvelli a-liðar 2. mgr. 5. gr., um eftirvagna og hjólhýsi á grundvelli b-liðar 2. mgr. 5. gr. og um skráningarskírteini og skráningarmerki á grundvelli f-liðar 2. mgr. 5. gr.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- Í stað orðsins „ökutæki“ í b-lið 2. mgr. kemur: hluti.
- Í stað 4. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Upplýsingar sem skráðar eru um hluti skv. 7. gr. skulu ekki standa lengur í upplýsingakerfinu en fimm ár frá skráningu.

Aðrar upplýsingar en þær sem skráðar eru í kerfið á grundvelli 6. og 7. gr. skulu ekki standa lengur en tíu ár frá skráningu.

## 6. gr.

Á eftir 17. gr. laganna kemur ný grein, 17. gr. a, er orðast svo:

Viðbótarupplýsingar um einstaklinga og hluti sem verða til við upplýsingaskipti á grundvelli 9. gr. a má einungis geyma í þann tíma sem er nauðsynlegur í samræmi við tilgang skráningaránnar og alrei lengur en í eitt ár eftir að samsvarandi skráningu, sem varðar sömu einstaklinga eða hluti, í Schengen-upplýsingakerfinu hefur verið eytt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Sampykkt á Alþingi 9. desember 2005.*